

**MEÐ VILJANN AÐ VOPNI
ENDURLIT 1970-1980**





2

MED
VILJANNAD
VOPNI
ENDURLIT
1970-1980

Með viljann að vopni – Endurlit 1970-1980

Listasafn Reykjavíkur

Reykjavík 2010

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun og/eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis höfundar og útgefenda.

Bókin er gefin út í tilefni sýningarinnar Með viljann að vopni – Endurlit 1970-1980
Kjarvalsstöðum 4.september 2010 til 7.nóvember 2010.

Sýningarástjóri: Hrafnhildur Schram

Höfundar: Hrafnhildur Schram, Auður Styrkársdóttir og Jennifer Riddell

4

Hönnun og umbrot: Lóa Auðunsdóttir og Gunnar Vilhjálmsson

Þýðing: Uggí Jónsson

Yfirlestur: Sigríður H. Gunnarsdóttir

Ljósmyndum: Arnaldur Halldórsson og fleiri

Myndvinnsla: Pixel

Prentun: Prentmet

Pappír: Artic Volume White 115 gr

Kápurpappír: Bókbandskarton 900 gr

Kápa: Ónefnd I, 1976 eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Æting á pappír, 83x67 cm;

Listasafn Reykjavíkur LR4083

Saurblað: 23 mínútur gengin í þrjú, 1976 eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Æting á pappír, 72x84 cm. Listasafn Reykjavíkur LR4098

Útgefandi Listasafn Reykjavíkur 2010

© Listasafn Reykjavíkur, höfundar greina og ljósmynda

Myndlistaverk: © sjá upplýsingar við einstakar myndir

ISBN 9979-769-42-4

Efnisyfirlit

Formáli
Hafþór Yngvason
safnstjóri
Bls. 6

Með viljann að vopni – Endurlit 1970-1980
Hrafnhildur Schram
listfræðingur og sýningarstjóri
Bls. 8

„Ó, samherjar, konur, sækið nú fram“
Staða kvenna og kvennabaráttan 1970-1980
Auður Styrkársdóttir
forstöðukona Kvennasögusafns Íslands
Bls. 70

Innbyggð fjarvera: ásetningur og aðgerðir
í femínískri list á áttunda áratugnum
Jennifer Riddell
ritstjóri og rithöfundur fyrir fræðsluritverk, National Gallery of Art, Washington, DC
Bls. 76

Kvennaáratugurinn svokallaði markaði djúp spor í íslenska sögu. Baráttu þeirra ára skilaði sér í auknu jafnræði viða í þjóðfélaginu og sá stóri áfangi sem náðist í lok áratugarins með kjöri Vigdisar Finnubogadóttur í embætti forseta Íslands hefur gjörbreytt væntingum þeirra sem á eftir hafa komið. Þótt enn séu tálmar á veginum geta konur nú leyft sér að stefna að ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu. Og burtséð frá einstökum baráttumálum hefur baráttan sjálf – starfsemin sem í henni fólst, umræðan og sú endurskoðun á hefðbundnum gildum sem átti sér stað á áttunda áratugnum – haft feikileg áhrif á alla íslenska menningu. Myndlistin er þar ekki undanskilin eins og kemur fram í sýningunni „Með viljann að vopni – Endurlit 1970-1980“. Markmið hennar er að varpa ljósi á þessi áhrif og um leið á framlag myndlistarinnar til kvennabaráttunnar. Fjölbreytnin einkenndi þessa tíma og listin, eins og aðrir þættir baráttunnar, birtist í margvislegum myndum. Á sýningunni má finna list með pólitísku

inntaki, ádeilu og kaldhæðni sem er komið til skila á áhrifaríkan hátt með graflík, teikningum, ljósmyndum og myndvefnaði. En baráttan fólk einnig í sér gagngera endurskoðun á þeim gildum sem þjóðfélagið tengir ákveðnum listmiðlum. Leirkerasmíð og vefnaður öðlast þá sama vægi og listmálun og bera með sér uppgjör við það gamla. Þannig verður listin virkur þáttakandi í þeirri umræðu sem á sér stað í þjóðfélaginu á þessum tíma, bæði sem áhrifaríkur hvati til breytinga og sjálfsgagnrýnið endurmat á eigin stöðu.

Sýningastjóriinn Hrafnhildur Schram hefur valið listamenn og listaverk af mikilli kostgæfni til að segja þessa sögu. Hrafnhildur er kunn fyrir rannsóknir sínar, sýningar og rit um list íslenskra kvenna. Hún hefur skrifnað bækur og fræðigreinar m.a. um Ninu Tryggvadóttur og Júliónu Sveinsdóttur og gert heimildamyndir og þætti fyrir útvarp og sjónvarp. Sýning hennar og bók, „Huldukonur í íslenskri myndlist“, sem kom út 2005, var tímamótaverk en þar kynnti hún til sögunnar listmenntaðar íslenskar

konur frá síðari hluta 19. aldar og sýndi fram á mikilvægi þess að gleyma ekki tilveru þeirra.

Grein Hrafnhildar um hlut myndlistarinnar í kvennabaráttunni er mikilsverð úttekt á íslenskri list áttunda áratugarins. Forsaga og helstu viðburðir þessa umbrotatíma eru rakin í grein Auðar Styrkársdóttur, forstöðukonu Kvennasögusafns Íslands, og í þriðju greininni tekur bandaríski listfræðingurinn Jennifer Riddell nokkur dæmi um áhrif kvenréttindabaráttunnar á samtímagyndlist í Bandaríkjunum, en þar hafa áhrifin verið sérlega áþreifanleg. Ég kann þeim öllum þakkir fyrir þeirra vönduðu greinar.

Það er sérlega ánægjulegt að opna þessa sýningu í Listasáfi Reykjavíkur í ár þar sem við fögnum mörgum tímamótum í sögu kvennabaráttunnar. Fjörutíu ár eru liðin frá stofnun rauðsokkahreyfingarinnar og frá því að kona var fyrst skipuð ráðherra á Íslandi (Auður Auðuns). Þá eru þrjátíu og fimm ár liðin frá kvennafrideginum og þrjátíu ár frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur til forseta. Einnig eru liðin áttatíu ár frá því Landspítalinn tók til starfa en konur áttu drjúgan þátt í því að hann var stofnseittur. Síðast, en ekki síst, eru hundrað ár liðin frá því íslenskar konur fengu kosningaráett til bæjar- og sveitarstjórna. Þessum tímamótum ber að fagna.

Með viljann að vopni – Endurlit 1970-1980

Hrafnhildur Schram

listfræðingur og sýningarstjóri

8

Áttundi áratugur síðustu aldar var fyrir margra hluta sakir viðburðaríkur á ýmsum sviðum íslensks samfélags, jafnt efnahagslega sem félags- og menningarlega.

Oft er skírskotað til hans sem „kvennaáratugarins“ en nyja kennnahreyfingin, sem nefnd hefur verið önnur bylgja femínisma og laust niður sem eldingu austan hafs og vestan, barst einnig til Íslands og fór af stað á fullri ferð.

Forsenda nýrrar meðvitundar kvenna á Vesturlöndum, sem efldist og dafnaði eftir því sem á leið, var aukin velferð í röðum millistéttarinnar samfara æðri menntun ungra kvenna. Með þá sannfæringu að leiðarljósi að kynferði hafi verið og sé áfram ein af grunnstoðum samfélagsins leiddi baráttu kvenna fyrir menningarlegum og pólitiskum jöfnuði smárn saman til vakningar og viðhorfsbreytinga í þjóðfélaginu, þótt fullkomid kynjajafnrétti sé ekki enn í höfn.

Allt frá stúdentaóeirðunum á sjöunda áratugnum, sem urðu táknaðar með menningarsamningum og

völdum borgarastéttarinnar, blasti við upplausn samfélagslegra, pólitískra og menningarlegra gilda og andóf gegn ríkjandi ástandi. Þegar svo mikið hafði breyst var þess ekki að vænta að listin héldi áfram sem fyrr en sjálft listhugtakið í vestrænni listasögu var í upplausn og hefur æ síðan verið fljótandi.

Þessar svíptingar leiddu á Íslandi til stofnunar SÚM-hópsins, sem formlega varð til árið 1965, og síðar Gallerí SÚM, sem má segja að hafi verið hreiður hugmyndalistarinnar, ásamt Gallerí Suðurgötu 7, sem áttu eftir að vinna ötullega að því að kynna löndum sínum nýja strauma og stefnur í erlendri myndlist. Árið 1978 var Nýlistasafnið sett á stofn, en sérstaða þess er sú að því hefur frá upphafi verið stjórnað af listamönnum.

Ungir íslenskir listamenn sem sótt höfðu menntun sína til útlanda, viðar en verið hafði áður, snuru heim með nýja sýn og aukin tengsl við hinn alþjóðlega listaheim og ekki síst skilyrðislausa kröflu um frelsi listamannsins sem endurspeglast skýrt í dagbókarbroti

listakonunnar Róska frá lokum sjóunda áratugarins: „Frelsíð – manns eigið frelsi – er ekki einhver hlutur sem hægt er að gefa manni né taka af manni eftir annarra geðþóttu.“¹

Í kjölfar þessara miklu umbrotatíma fylgdi endurskoðun og leiðrétti ymissa fræða, meðal annars lista-sögunnar, að því er framlag kvenna varðaði, en þær höfðu verið úti-lokaðar frá listaheiminum um aldir á þeirri forsendu að þær væru óæðri körlum. Rannsóknir leiddu síðar í ljós að allt frá miðöldum höfðu konur fengist við listræn störf af ýmsum toga. Þetta stuðlaði að því að kveða niður ranghugmyndir og mytur sem halddið hafði verið á lofti af karlaveldinu um eðliseiginleika konunnar sem hins „veika kyns“, jafnvel þó svo um væri að ræða huglæg viðfangsefni á bord við listsköpun, sem ekki kröfðust likamlegra afslmuna. Segja má að þessi mismunun hafi dregið á eftir sér langan slóða og allt fram undir síðustu aldarlok voru konur að vinna upp það forskot sem karlar höfðu fram yfir þær. Þetta kemur fram í listaverkaeign safnanna, styrkveitingum og þátttöku í opinberum sýningum.

Undanfarin ár hafa merkar myndlistarsýningar verið settar upp viða um heim þar sem ákveðið endurlit hefur átt sér stað og skoðað hvaða áhrif feminisminn hafði á samtímalistina á árunum 1965-1980. Þar má nefna sýninguna „Wack! Art and the Feminist Revolution“ (Myndlist og kvennabytingin) sem stóð í Museum of Contemporary Art í Los Angeles árið 2007 en þar voru sýnd verk á annað hundrað kvenna hvaðanæva úr heiminum og sérstök áhersla lögð á samanburð á bandarískum og evrópskum feminisma. Markmið sýningarástjórans, Cornelius Butler, var að staðfesta að feminisminn væri mestri áhrifavaldur í alþjóðlegri myndlist a síðari hluta tuttugustu aldar.²

Eflitið er til Evrópu þá lauk síðastliðið vor í samtímalistasafninu í París, í Centre George Pompidou-listamiðstöðinni, sýningu sem staðið hafði heilt ár, undir yfirskriftinni: *Elles@centrepompidou*. Sýningin var einstök að því leyti að þar voru sýnd um fimm hundruð listaverk úr safneigninni sem öll voru unnin af konum og mun þetta hafa verið í fyrsta sinn sem opinbert safn efnir til slíkrar sýningar. Verkin voru afar fjölbreytileg en þar gaf að líta arkitektúr, höggmyndalist, hönnun, listmálun, ljósmyndir og kvíkmyndir. Undirbúnungur sýningaráinnar hófst þegar fyrir fjórum árum, þegar ákvörðun var tekin um að innkaup á myndverkum kvenna skyldu njóta forgangs, en þó eru konur nú einungis 17% af þeim fimm þúsund listamönnum sem eiga verk í safminu. Það er þó allgott miðað við að í hinu sögufræga franska safni Louvre, sem státar af

¹Róska. Ritstjóri: Hjálmar Sveinsson.

Nýlistasafnið og Mál og menning, 2000.

²Wack! Art and Feminist Revolution. The Museum of Contemporary Art. Los Angeles. The Mit Press. Cambridge, Massachusetts, London. England. 2007.

35.000 listaverkum í safneigninni, er ekki eitt einasta eftir konu.³

Og þegar skyggst er yfir Ermarsund til Bretlands og í Tate Modern-nútimalistasafnið í Lundúnum kemur í ljós að eign þess á myndlist kvenna er einungis 12%.

Griselda Pollock, þekktur listfræðingur og feministi, telur fræðaheiminn standa frammi fyrir því umfangsmikla verkefni að rannsaka listasögu kvenna og skrá mikilvægi kvennahreyfingarinnar fyrir listina. Hún hefur bent á nauðsyn þess að gera myndlistarkonur sýnilegar í opinberum söfnum sem ber skylda til að rannsaka, sýna og varðveita menningarárfinn allan og miðla eins sannri og alhliða tjáningu mannlegrar sköpunar og hugmyndasmíð og frekast er unnt. Hún spyr ennfremur hvaða áhrif það hafi haft fyrir 50% jarðarbúa – konurnar – að geta ekki speglað sig í verkum eftir konur. Ëf safngestir sjá ekki listaverk eftir konur og þekkjá þar af leiðandi ekki nöfn þeirra geta þeir ekki heldur leitað uppi bækur um þær. Því skapist vitahringur þar sem bókaforlögin gefi ekki út bækur né heldur gangist söfnin fyrir syningum á verkum eftir konur sem enginn þekkir.⁴

Þegar litið er til stærstu opinberu listasafnanna á Íslandi, Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Íslands, sem góðfuslega hafa látið í té eftirfarandi upplýsingar, kemur í ljós að Listasafn Reykjavíkur á alls verk eftir 652 listamenn. Af þeim eru 398 karlar og 226 konur en kyn 28 er óþekkt.⁵ Heildarfjöldi listamanna sem eiga verk

í Listasafni Íslands er 726 og þar af eru 545 karlar og 153 konur en í 28 tilvikum er kyn óþekkt.⁶

Þess ber þó að geta að framan af tuttugustu öldinni störfuðu fáar konur að myndlist á Íslandi en síðustu áratugina hefur þeim fjölgat hratt. Árið 1990 voru félagsmenn í SÍM (Sambandi íslenskra myndlistarmanna) alls 300, þar af 100 karlar en konur 200, en nú er svo komið að af 697 félögum í SÍM eru konur 520 félagsmanna.⁷

Á sýningunni „Með viljann að vopni“ er litið aftur til áranna 1970-1980 en sýnendur eiga það sameiginlegt að vera meðal þeirra íslensku kvenna sem þá störfuðu að myndlist og er því ekki um að ræða heildarúttekt á myndlist íslenskra kvenna á þessu tímabili. Þar er þess freistað að kanna hvaða áhrif þessir umbrotatímar með femínisma og hreyfingum frjálsrar myndlistar á bord við hugmyndalistina og nýju textillistina höfðu á myndlist þessara kvenna en margar þeirra komust til þroska í andrúmi þessara tíma, þótt aðrar hafi báð begar verið mótaðar.

Hér á landi markast áttundi áratugurinn af tveimur sögulegum viðburðum: stofnun rauðsokkarsamtakanna árið 1970 og kjöri Vigdísar Finnbogadóttur til embættis forseta Íslands árið 1980. Um miðjan áratuginn, á alþjóðlegu ári sem

³ Elles@centrepompidou. Centre Pompidou. París, 2009.

⁴ Miriam Katz: Viðtal við Griselda Pollock, „Gør plads til forskelligheden i kunsten“. Billedkunstneren, nr. 1 mars, 2007, Kaupmannahöfn.

⁵ Samkvæmt upplýsingum frá Listasafni Reykjavíkur, 30.7. 2010.

⁶ Samkvæmt upplýsingum frá Listasafni Íslands, 12.8. 2010.

⁷ Samkvæmt upplýsingum frá SÍM 9.8. 2010.



Ragnheiður
Jónsdóttir
23 minútur gengin
í þrjú
1976
Ætling á pappír
72 x 84 cm
Listasafn
Reykjavíkur
LR4098

11

Sameinuðu þjóðirnar helguðu konum og réttindum þeirra, beindust augu heimsins að Íslandi þegar konur tóku sér frí frá störfum 24. október árið 1975 til að minna á vinnuframlag sitt og tugþúsundir kvenna á öllum aldri söfnuðust saman á Lækjartorgi. Gjörningurinn varð til þess að þjóðfélagið stöðvaðist í heilan dag og margar konur vöknudu til vitundar um mál sem lengi höfðu blundað með þeim, ekki síst hvað snerti menningarlegan og pólitískan ójöfnuð. Kvennafrídagurinn varð listakonunni Ragnheiði Jónsdóttur (f. 1933) (Bls. 44) tilefni til tveggja grafíkverka sem í huga margra eru enn, þrjátíu og fimm árum síðar, táknumyndir þeirrar samstöðu og samkenndar sem einkenndu þennan dag. Ragnheiður kemur boðskapnum til skila, án þess að préðika, með myndmáli sem býr yfir miklum slagkrafti og ber því órækt vitni að sjón er sögu ríkari.

„23 minútur gengin í þrjú“ er heiti annarrar myndarinnar og visar í tíma klukkunnar á Lækjartorgi sem er miðpunktur myndarinnar, en hvorki er getið dagsetningar né ártals. Í stað þess að stillfæra mannfjöldann sem breiðir úr sér í miðbænum velur listakonan þá leið að ummynda hann í viðáttumikla mosabreiðu og greypir þannig minninguna um daginn inn í landið og um leið inn í þjóðarvitundina.⁸

Allþjóðleg hreyfing femínista átti sinn þátt í því að breyta viðhorfum almennings og skilningi á samtímalist og ekki síst gera konur sem unnu að listrænni sköpun sýnilegri. Leitað var nýrra tjáningarleiða og fram óx félagsraunsæi sem vísaði í veruleika þessara miklu umbrotatíma. Með framsetningu hinnar raunsæju myndar, sem varð hluti af kvennamenningunni, fóru konur að túlka sjálfar sig og stöðu sína út frá eigin forsendum og skapa list sem endurspeglarði líf þeirra. Hinn

⁸ Viðtal höfundar við Ragnheiði Jónsdóttur. Myndlistarþáttur. 29.10.1976. Ríkisútvarpið.

títtnefndi „reynsluheimur kvenna“, sem sprottinn var úr persónulegri reynslu, varð gjaldgengur og sýnilegur sem myndefni, jafnréttihár og hvað annað og bar um leið með sér sameiginlega mannlega merkingu. Konur lýstu vinnustað sínum, heimilinu, í öllum sínum fjölbreytileika, sem öðlaðist um leið nýja merkingu. Í textilverki Önnu Þóru Karlsdóttur (f. 1946) „Eldhús“ (Bls. 19) myndgerir hún gömlu Rafhældavélina sem hún hefur hafið yfir hið hversdagslega notagildi og sýnir líkt og lítið altari í hjarta heimilisins, ásamt helgigripum á borð við bláu kaffikönnuna.

„Draumur skúringakonunnar“ (Bls. 34) er grátbroslegt verk G. Erlu (Guðrúnar Erlu Geirdóttur) (f. 1951) sem sýnir gólf- og bordtuskur í yfirstærð. Verkið er innblásið af ljóði skáldkonunnar Vilborgar Dagbjartsdóttur „Óður til mánans“ um skúringakonuna sem steytti skrúbbinn framan í mánann en „þangað hefur engin kona verið send með KARKLÚTINN ekki enn“.⁹

Pær áleitnu vangaveltur og spurningar um jafnrétti sem konur og karlar stóðu frammi fyrir á þessum tíma fléttast saman í textilverki Sigrúnar Sverrisdóttur (f. 1949) „Konur og menn“ (Bls. 57). Hefð- og kynbundin verkaskipting innan heimilisins endurspeglast í verki Þorbjargar Þórðardóttur (f. 1949) „Eftir áttá“ (Bls. 67), en þar stendur húsmóðirin að kvöldi dags, ein við eldhúsvaskinn, vopnuð gúmmihönskum og uppþvotta-bursta.

Edda Jónsdóttir (f. 1942) (Bls. 31) setur fram hugleiðingar sínar um sambúð eða hjónaband og stöðu konunnar. Þar sýnir hún með ljósmyndum vinnulag húsmóðurinnar sem mundar heimilisáhöldin, líkt og í nákvæmum leiðbeiningabæklingi, og undirstrikar einhæfnina sem svo oft einkennir heimilisstörfin.

Flugið er eitt af myndtáknum frelsisins og í málverki Bjargar Þorsteinsdóttur (f. 1940) „Galaxie tango“ (Bls. 26) frá árinu 1973 flögра kvenkjólar um vetrarbrautina í óræðu rými. Þeim er þó að einhverju leyti haldið í skefjum af geómetrísku burðarvirkni, sem kjólnir hvelfast um, en listakonan hefur sjálf tjáð sig um frelsistillfinninguna sem greip hana þegar hún hafði lokið við myndina.

Frásagnir um líf og störf myndlistarkvenna voru svo til fjarverandi úr sögu- og listaverkabókum langt fram á síðasta fjórðung tuttugustu aldar. Í fyrstu útgáfu listasögu H.W. Jansons, History of Art frá 1962, sem notuð hefur verið sem grundvallarrit við kennslu í listasögu um allan hinn vestræna heim, nefnir höfundur til sögunnar þrjú hundruð karla en enga konu. Það varð ekki fyrr en í endurbættri útgáfu árið 1986 sem konur komust á blað og eru 21 á móti 1.235 körlum sem þar eru nefndir.

Í verkum íslenskra kvenskálda og rithöfunda, en þar má nefna Ingibjörgu Haraldsdóttur, Jakobínu Sigurðardóttur, Svövu Jakobsdóttur og Vilborgu Dagbjartsdóttur, sem fjallað hafa um sjálfsmyndir kvenna,

⁹ Vilborg Dagbjartsdóttir. Ljóð. Mál og menning. Reykjavík, 1981.

má sjá ákveðnar hliðstæður við sögusvið myndlistarkvenna á áttuna áratugnum og kunna áhrifin jafnvel að hafa verið gagnvirk. Konur þyrsti í að lesa og fræðast um reynslu annarra kvenna fyrr og síðar og annars staðar á Norðurlöndum komu fram á ritvöllinn konur eins og Suzanne Brøgger, Märta Tikkanen, Kerstin Ekman og Sara Lidman sem skrifuðu stórbrotnar örlagasögur um lífshlaup kvenna. Sameiginlegt fyrir alla þessa kvenrithöfunda er að þeir gera hið persónulega og einkanlega svið opinbert og um leið pólitískt með því að lýsa reynslu sem svo margir deildu.¹⁰ Á öndverðum sjöunda áratugnum kom textillistin fram á sjónarsviðið viða um heim sem nútímalegur listmiðill, án efa fyrir áhrif frá frjálsri myndlist, og náði fljótt miklum og almennum vinsældum. Hún hefur það fram yfir aðra listmiðla að grunnefniviðurinn er náttúruefni sem allir þekkja og eru í nánni snertingu við allt frá vöggu til grafar. Textillinn, sem um aldir hafði verið háður sínum helsta bakhjarli veggnum, brá sér nú fram á gólf sem sjálfstætt þrívitt form eða létt sig jafnvel síga niður úr loftinu. Tvær konur frá Austur-Evrópu, hin pólska Magalena Abakanowicz og Jagoda Buic frá Króatiu, vöktu gifurlega athygli á Textil-tvíæringnum í Lausanne árið 1965 fyrir skulptúra og innsetningar sem virtust vaxa niður úr lofti og út úr veggjum. Efniviðurinn var bæði óhefðbundinn og margvislegur; strigi, sísal, hrosshár og bast en kaðlar og snæri héngu út úr verkunum og juku á innri kraft þeirra. Nýr og framsækinn

listmiðill var kominn fram og mörkin milli hinna svokölluðu „fögru lista“ og handverks leystust upp og voru hvað sýnilegust í textílnum.

Margir myndlistarmenn höfðu hrifist af mykt og mótnarmöguleikum textílsins og má þar nefna dadaistann Man Ray, sem árið 1920 vafði saumavél inn í klæði og sýndi. Hin heimsþekktu hjón Christo og Jeanne-Claude pökkuðu inn mannvirkjum á bord við þýska ríkisþingið í Berlin og Pont Neuf-brúna í París og eflaust hafa hinir mjúku müssulínsskúlpúrar popplistamannsins Claes Oldenburg einnig haft áhrif á þróun textíllistarinnar.

Ásgerður Búadóttir (f. 1920) (Bls. 23) fann listsköpun sinni farvegi í vefnaði í upphafi sjötta áratugarins og hefur öðlast sess sem „grand old lady“ íslenskrar myndlistar. Abstrakt myndvefnaður hennar er óður til íslenskrar náttúru, ekki síst andstæðna hennar, þar sem hárnákvæm ögun í formi og lit er í öndvegi. Hún vístar til hefðarinnar með efnisnotkun sinni, ullinni, og notar einnig hrosshár sem brýtur upp flótinn og höfðar um leið til snertiskyns áhorfandans. Ásgerður, sem fagnar níutíu ára afmæli sínu síðar á árinu, hefur verið þeirri kynslóð textillistamanna sem á eftir henni kom mikilvæg og sterk fyrirmynnd.

Á þessum áratug voru listakonur viða á Vesturlöndum uppteknar af líkama konunnar sem þær yfirfærðu á náttúru landsins. Fremur en að líta á heildarsvip landsins huguðu þær að

¹⁰ Dagný Kristjánsdóttir. Óldin ófgafulla. Bókmennitasaga tuttugustu aldar. Bjartur. Reykjavík, 2010.

nándinni og drógu fram hið smágerða í nærmynd landsins og gerðu að tákni hins mikilfenglega. Leirkerasmiðirnir Edda Óskarsdóttir (f. 1938), Elísabet Haraldsdóttir (f. 1949) og Steinunn Marteinsdóttir (f. 1936) sækja innblástur í eldvirkni Íslands, form landsins og liti en nærmynd landsins er í eðli sínu ákaflega abstrakt. (Bls. 32, 33 og 61)

Á ferð um Lakagíga á áttunda áratugnum rakst Edda á hnattlagu hraunhnnullunga sem urðu henni innblástur að jarðleirsskálum og Elísabet yfirfærir einnig á óhlutlægan hátt í verkum sínum i jarðlitum áhrif frá náttúru og umhverfi, auk þess sem glerungur nokkurra verka er unnninn úr Hekluhrauni. Í stíflærðum verkum sínum litur Steinunn úr vinnustofu sinni í Mosfellsbænum til borgarfjallsins, Esju, og enn lengra móti sjóndeildarhringnum yfir til

Snæfellsjökuls. Í myndskreytingum Rúnu (Sigrúnar Guðjónsdóttir) (f. 1926), sem hún málar á steinleirs-diska (Bls. 51) sem eiginmaður hennar, Gestur Þorgrímsson myndhöggvari, renndi, má greina áhrif frá fornri grískri og japanskri list, en hún einkennist mjög af einfaldleika forms og línu. Skreytingar Rúnu eru oftar en ekki fígúratífar og hún leitast við að sveigja þær að formi og efni hlutanna sem hún vinnur með.

List með pólitísku inntaki kom fram af miklum krafti á Norðurlöndum um miðjan sjöunda áratuginn, en þar var áherslan fyrst og fremst lögð á inntakið og upplýsingagildið fremur en stílinn. Oft voru fyrirmyndirnar sóttar í raunsæjar svart/hvítar ljósmyndir fjölmíðla, til að mynda af hörmungum striðsreksturs og afleiðingum hans á líf almennra borgara, sem listamaðurinn

Hildur Hákonardóttir
Ísland úr Nato
1973
Myndvefnaður
180x230 cm
Listamaðurinn



vildi festa í efni sem væri varanlega en forgengilegur dagblaðspappírinn.

Grafík eða svartlist var ákjósanlegur miðill til að koma áleiðis boðskapnum og náði fljótt mikilli útbreiðslu og grósku sem lýðræðislegur miðill sem gerði fólk kleift að eignast góða myndlist á viðráðanlegu verði. Þáttur Braga Ásgeirssonar, sem hóf kennslu í steinbrykki við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1956, og ekki síður Einars Hákonarsonar, sem sneri heim úr námi árið 1969 og hóf kennslu í málmgrafík, er mikilvægur en meðal nemenda þeirra voru konur sem urðu atkvæðamiklar í grafíkinni næstu áratugina. Stríðsátök viða um heim leiddu til andófs ungs fólks og hér heima beindist það að herstöð Bandaríkjumanna á Miðnesheiði.

Með ljóðrænni innlifun vitnar Sigrún Eldjárn (f. 1954) í „Vögguvísu róttækrar móður“ (Bls. 55) eftir Böðvar Guðmundsson í grafíkmyndum sinum af börnum í návigi við hervélar og Hildur Hákonardóttir (f. 1938) byggir á vel þekktu þema úr auglýsinga-íðnaðinum í textílverki sínu, „Ísland úr Nató“. Skortur á viðurkenningu fyrir vinnuframlagi kvenna var eitt af meginviðfangsefnum og baráttumálum rauðsokkahreyfingarinnar en Hildur var meðal stofnfélaga. Hún hefur m.a. fjallað um launamisrétti og konur sem hið ósýnilega varavinnuafl, ekki hvað síst í fiskiðnaðinum og vildi því gera sitt til að þær yrðu að minnsta kosti sýnilegar eins og í verkinu „3ja stéttin“

(Bls. 37) sem er dulbúin myndasaga að því leyti að hún fylgir ekki línulegri framvindu heldur er lesin ofan frá og niður.

Steinunn Bergsteinsdóttir (f. 1949) lítur út í heim og myndgerir bandarísku baráttukonuna Angelu Davies, sem bardist fyrir réttindum blökkumanna í Bandaríkjunum og heillaði heila kynslóð með skeleggrí framgöngu sinni. (Bls. 58)

Þorbjörg Höskuldsdóttir (f. 1939) hefur um árabíl túlkað mörkin milli hins innra og eikanlega rýmis og hins ytra og sýnt hvernig mannskepnar gengur sífellt á náttúruna, leggur hana undir sig og innréttar að eigin geðþóttá, líkt og sjá má í olíumálverkum hennar „Brim“ (Bls. 64) og „Við sundin“.

Öflugsnúið gildismat nútíma-mannsins og sú angist og firring sem af því getur leitt hefur verið Jóhönnu Bogadóttur (f. 1944) ofarlega í huga og í litógrafi hennar „Með dósum III“ er manneskjan orðin hluti af úrgangi neyslusamfélagsins. (Bls. 39)

Hin myndræna klömbruhleðsla gamla torfbærjarins verður Ásu Ólafsdóttur (f. 1945) að yrkisefni í textílnum „Af jörðu ertu“ (Bls. 20) og vitnar um virðingu fyrir handverkinu og gömlum gildum. Í díukristum Valgerðar Bergsdóttur (f. 1943) er fuglinn og hreiður hans „hlutinn fyrir heildina“, sem tákni hinnar viðkvæmu náttúru landsins sem er fótum troðin. (Bls. 69)

Í þremur máludum grínum vekur Messiana Tómasdóttir (f. 1940) andblæ leikhússins sem lengst af hefur verið helsti starfsvettvangur hennar sem leikmynda- og búningahönnuður.

Undir samheiti verkanna, sem er „Einangrun”, veltir hún fyrir sér þeirri samfélagslegu hættu sem af einangrun stafar. (Bls. 43)

Myndröð Margrétar Jónsdóttir (f. 1953) af herramönnum með höfuðföt undir heitinu „Upp, upp mín sál og allt mitt geð“ (Bls. 40) er byggð á upplifun hennar og hugleiðingum þegar hún sneri heim frá framhaldsnámi og varð fyrir hálfgerðu menningaráfalli. Hún segist hafa skynjað hversu list-menntun hennar var lítilsmetin og menningarheimur karla allsráðandi i þjóðfélaginu.

Þetta voru tímar endurskoðunar og hlutverk myndlistarmannsins var krufið, ekki síst af honum sjálfum. Ásta Ólafsdóttir (f. 1948) vann undir lok áratugarins mikið með texta sem hún reyndi að sameina myndlist og „Dagatal“ er eins konar uppástunga Ástu um að hægt sé að skoða daga og ár með annarri aðferð en þeirri sem hingað til hefur verið notuð. (Bls. 24)

Rúna (Guðrún Þorkelsdóttir) (f. 1954) er einn þeirra fjölmörgu ungu listamanna sem héldu til framhaldsnáms í Hollandi á áttunda áratugnum og kynntist þar ljóðrænu hugmyndalistinni. „Lífreningar/vaxtartimi“ (Bls. 48) er þrívitt og lífrænt verk, sem Rúna hefur endurgert fyrir sýninguna, en þar hefur hún sáð karsa, sem myndar lifandi og síbreytilega áferð, í textírenninga sem fela um leið í sér hringrás lífsins og áminningu um forgengileikann. Verkið kallast á við önnur textilverk sýningarinnar og jafnframt því ofinn strigann, sem er grunnur málverksins.

Róska (Ragnhildur Óskarsdóttir)


(f. 1940 – d. 1996) var afar fjölhæf og róttæk myndlistar- og baráttukona sem bjó og starfaði lengi á Ítalíu, þar sem hún tók virkan þátt í pólitísku starfi, eins og framlag hennar til sýningarinnar, pólitisk veggspjöld, ber vitni um. (Bls. 47)

Afar fáar íslenskar konur unnu framan af undir áhrifum hugmyndalistarinnar en Rúri (f. 1961) stimplaði sig með eftirminnilegum hætti inn í íslenska myndlist þegar árið 1974 með gjörningi sínum „Gullinn bill“ (Bls. 53), en heimildina um hann má hér sjá í ljósmyndaröð. Þar kemur fram sterkt samfélagsádeila en Rúri byggir á viðbrögðum sínum við niðurriði gamalla húsa og annarra menningarverðmæta í miðbænum, svo og forgangi bílsins, og varpar fram spurningunni um hversu langt tæknihygjan geti leitt manneskjuna.

Borghildur Óskarsdóttir (f. 1949) tekur ljósmyndir af eigin gjörningum í tveimur ljósmyndum, „Kona I“ og „Kona II“, þar sem hún visar í málverkið og setur fram gagnrýni á gamaldags afstöðu til myndlistarinnar. (Bls. 28)

„Dómur Parísar“ (Bls. 62) er byggður á gamalli goðsögn um eina fyrstu fegurðarsamkeppni sögunnar sem fjölmargir listamenn hafa túlkað í gegnum tiðina og Svala Sigurleifsdóttir (f. 1950) seigir á sína vísu og heimfærir upp á samtímann. Gríská prinsinum París, sem hér er sýndur í dökkum jakkafötum, sem tákni karlaveldisins, er gert að dæma um fegurð þriggja þokkagyðja, en nöfn þeirra eru rituð á skyrtur sem þær klæðast og voru í tisku á áttunda áratugnum.

Þegar litið er til baka á þessum tímamótum um ein þrjátíu, fjörutíu ár, til kvennabyltigarinnar, sem óneitanlega ögraði mörgum, virðist sem sá vilji og samtakamáttur sem ríkti hafi verið kímið að mörgu sem við teljum til almennra mannréttinda í dag. Hér á sýningunni er um að ræða ólikar listakonur, eins og sjá má af framangreindu, sem eiga þann sameiginlega þráð að flestar komust til þroska í andrúmi feminismsans þótt aðrar hafi þá þegar verið fullmótaðar. Margar listakonur snuru heim frá námi í upphafi áratugarins og báru með sér hugmyndir utan úr heimi sem þær síðan virkjuðu undir eigin persónuleika sem frumlegir og skapandi listamenn.



Rúri, f. 1951
Gullinn bill
1974
Listamaðurinn

Anna Þóra Karlisdóttir, f.1946
Eldhús
1978
Myndvefnaður
93x76 cm
Listamaðurinn





Ása Ólafsdóttir, f.1945

Afjörðu ertu I


1979

Myndveínaður

72x85 cm

Einkaeign

Ingibjörg Gísladóttir



Ása Ólafsdóttir, f.1945

Af jörðu ertu II

1979


Myndvefnaður

72x85 cm

Einkaeign

Ingibjörg Gísladóttir

Ásgerður Búadóttir, f.1920
Náttkemba
1974
Myndvelnaður
160x100 cm
Einkaeign
Guðrún Nordal &
Ógmundur Skarphéðinsson



1979


CALENDRIER


- Áður en frostrósirnar þjóna
Some days before it stops
- Dagurinn áður en ákvæði**
Nokkrum dögum fyrir fullt
- Quelques semaines avant l'arrivée d'un
- Rétt fyrir Jónsmessu**
AVANT LA CÉLÉBRATION
- Le jour avant que la belle
- Just before Christmas
- Deux nuits avant un rêve**
- Viku áður en sól hækkar á
- Just before an unexpected

Ásta Ólafsdóttir, f.1948
Calendrier
1978
Sílfibrykk
31,5x44,2 cm
Listamaðurinn

Björg Þorsteinsdóttir, f.1940
Galaxie Tango
1973
Akril á stríga
129x194 cm
Listamaðurinn








Borglum Þóður 1979

Borghildur Óskarsdóttir, f.1942
Kona I
1979
Ljósmynd
38x30,5 cm
Listamaðurinn



Borghildur. 1979

Borghildur Óskarsdóttir, f.1942

Kona ll
1979

Ljósmynd og farði
38x30,5 cm
Listamaðurinn

Edda Jónsdóttir, f.1942
Línur og gífs IV
1979
Teikning og polaroid ljósmyndir
52,5x52 cm
Listasafn Íslands



Eduardo Paolozzi 1979

Edda Óskarsdóttir, f.1938
Skálar
1979
Steinleir, jarðleir
22x37 cm, 25x25 cm, 23x25 cm
Listamaðurinn

Elisabet Haraldsdóttir, f.1949
Náttúruform
1975-1978
Postulin og málad hræun úr Heklu
11x12x18 cm hvert
Listamaðurinn










G.Erla (Guðrún Erla Geirsdóttir), f.1951
Draumur skúringarkonunnar
1981
Vefnaður
180x155 cm
Listamaðurinn

Hildur Hákonardóttir, f. 1938
3 ja stéttin
1973
Myndvefnaður; ólin ull
198 x 131 cm
Listasafn Reykjavíkur
LR4071

EIGENDUR
ATVINNU
TÆKJA

ÞIGGJENDUR LAUNA



3/a STETTIN




Jóhanna Þogadóttir, f.1944
Með dósum III
1978
Litógrafia
64x47 cm
Listamaðurinn



"mit kleinen H." 1988

Johannes Brink



Margrét Jónsdóttir, f.1953
Upp, upp mín sal og allt mitt geð
1979
Eggtemera og oliupastel
55x38 cm
Listamaðurinn

Messiana Tómasdóttir, f.1940
Hugmyndafræðingurinn
1972
Grima, pappamassi, akrillitur
19x25x11cm
Listamaðurinn





Ragnheiður Jónsdóttir, f. 1933

Önefnd!

1976

Æting á pappír

85x67 cm

Listasafn Reykjavíkur

LR4083



Ragnheiður Jónsdóttir, f. 1933

Ónefnd III

1976

Æting á pappír

85x67 cm

Listasafn Reykjavíkur

LR4085

Róska (Ragnhildur Óskarsdóttir), 1940-1996
Viva la libertad (Lifi frlesið)
1973
Silkiþrykk
82x62cm
Listasafn Reykjavíkur
LR3352

VIVA LA LIBERTAD





Rúna (Guðrún Þorkelsdóttir), f.1954
Lifrenningar/Vaxtartími
1979
Prividdarverk með lífandi karsa
Breytileg stærð
Nýlistasafnið

Rúna(Sigrún Guðjónsdóttir), f.1926
Hándrennd og máluð skál
1979
Steinleir
þvermál 29 cm
Einkaeign



Rúri (Þuriður Fannberg), f.1951
Gullinn bill
1974
12 ljósmyndir-Gjörningur, Austurstræti,
Reykjavík
50x70 cm hver
Listamaðurinn



Sigrún Eldjárn, f.1954
Vöggukvæði róttækrar móður... I
1977
Æting og akvatinta
32x25 cm
Listamaðurinn



Sigrún Sverrisdóttir, f.1949
Konur og menn
1976
Myndvefnaður
150x102 cm
Listamaðurinn






Steinunn Bergsteinsdóttir, f.1949
Angela Davies
1973
Myndvefnaður
57x46 cm
Listamaðurinn

Steinunn Marteinsdóttir, f.1936
Jökulstef
1974
Jardleir
hæð 57 cm
Listamaðurinn






Svala Sigurleifsdóttir, f.1950
1-4 Dómur Parisar
1978-1979
Málverk á stríga og samklipp
85,5x75x4cm
Nýlistasafnið






Þorbjörg Höskuldsdóttir, f.1939
Brim
1971
Ölía á stríga
100x130 cm
Einkaeign Auður Jónsdóttir

Þorbjörg Þórdardóttir, f.1949
Eftir átta
1976
Myndvefnaður
113x105 cm
Listamaðurinn



焰

Valgerður Bergsdóttir, f.1943
FUGL, fugl 3-5
1979
Skurður. Háþrykk
65x48 cm
Listamaðurinn



„Ó, samherjar, konur, sækið nú fram“¹
Staða kvenna og kvennabaráttan 1970-1980
Auður Styrkársdóttir
forstöðukona Kvennasögusafns Íslands

70

Þegar fjallað er um hræringar meðal kvenna á áratugnum 1970-1980 er freistandi að byrja á 1. maí-göngu verkalýðsins í Reykjavík og segja: „Hér byrjaði þetta allt saman.“ Aftast í göngunni fór hópur sem vakti mikla athygli. Þar gengu fremstar nokkrar konur sem báru á herðum sér stytta mikla og hafði borði verið settur yfir aðra öxl hennar hvar á var letrað: „Manneskja en ekki markaðsvara.“ Styttan var kunnugleg þeim sem eitthvað fylgdust með listalífinu í bænum. Hér var kominn leikmunurinn Afródíta úr leikritinu Lýsiströtu sem menntskælingar höfðu sýnt í Háskólabíó á Herranótt fyrir árinu við góðan orðstír.² Önnur slagorð sem konur höfðu málað á borða voru: „Konur nýtið mannréttindin“ og „Vaknaðu kona!“³

Hræringar meðal kvenna hófust þó auðvitað ekki þarna. Vinsældir Lýsiströtu má skýra með því að staða kvenna var einmitt mjög til umræðu. Ragnheiður Torfadóttir, kennari við MR, skrifaði svo í leikskrá Herranætur: „Þegar konur hvarvetna í heiminum

látæ æ meira að sér kveða á opinberum vettvangi, er fróðlegt að kynnast því, hvernig grísk leikskáld láta konur bjóða valdhöfunum byrginn fyrir hálfu þriðja árbúsundi.“⁴ Leikritið felur í sér ádeilu á strið og valdarþölt karlmanna og lýsir því hvernig konur í Ábenu taka til sinna ráða og svelta þá kynferðislega til friðarumleitana við Spartverja. Leikritið er einnig sterkt ádeila á þá þversögn hins ábенksa lýðræðis að konurnar, helmingur hinna frjálsu borgara, voru að flestu leyti verr settar en kynsystur þeirra viðast hvar annars staðar í Grikklandi.

Þversögn lýðræðis á Íslandi fólst sömuleiðis í því að helmingi landsmannna var nær algjörlega halddi utan stjórnar, hvort heldur á landsvísu eða í bæjar- og sveitarstjórnnum. Á sama tíma og blöðin fjölluðu um sýningu Herranætur og atburðinn í 1. maí-göngunni birtu þau framboðslista stjórnmálaflokkanna við sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fóru skömmu síðar. Á listunum blasti við kvennafæð. Aðeins ein kona átti sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur

¹ Aristófanes: Tvö leikrit um konur og stjórnmál. Lýsistrata - Þingkonurnar. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík, 1985, s. 51.



² Leikfélög Akureyrar tók Líýsiströtu upp á sína arma og sýndi haustið 1971. Þjóðleikhúsíð sýndi þá síðan velurinn 1972-1973. Brynja Benediktssdóttir leikstýrði á öllum stóðum. Atli Heimir Sveinsson sá um tónlistina í uppfærslu Herranætur og Messiana Tómasdóttir um leikmynd og búninga. Styttna af Afróðitú gerði Jón Benediktsson myndhögvari. Kristján

Árnason menntaskólakennari þýð

³ Sjá Þjóðviljann, 2. maí 1970, s. 3.

Kvennafrídagurinn 24. október 1975.
Fjöldafundur á Lækjartorgi.
Ljósmyndar Ólafur K. Magnússon
©Morgunblaðið

og sömuleiðis sat aðeins ein kona á Alþingi Íslendinga. Stúkur voru aðeins þriðjungur nemenda við nám í menntaskólum landsins og aðeins 23% háskólastúdenta. Engin kona hafði verið ráðherra⁵ og engin kona hafði gegnt sendiherrastarfi eða öðrum æðri embættisstörfum í þjóðfélaginu. Á svíði félagsmála var líka flest á sömu bókina lært. Í Samvinnunni má lesa þetta árið 1971.⁶

Í stjórn Alþýðusambands Íslands sitja 10 manns, þar af ein kona.

Í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru 11 manns, ein kona.

Í stjórn Samb. ísl. berklasjúklinga eru sjö manns, engin kona.

Í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga eru níu manns, engin kona.

Í stjórn Slysavarnarfélags Íslands eru sjö manns, tvær konur.

Í framkvæmdaneftnd Stórstúku Íslands eru 12 manns, tvær konur.

Í félagsráði Máls og menningar eru 36 manns, ein kona.

Í stjórn Verzlunarráðs Íslands eru 16 manns, engin kona.

Í stjórn Landss. blandaðra kóra og kennakóra eru sex manns, engin kona.

Í stjórn Sambands ísl. barnakennara eru sjö manns, engin kona; í því sambandi eru 992 félagar, þar af 460 konur.

Konur höfðu þó ekki setið þegjandi. Kvenréttindafélag Íslands hafði stofnað æskulýðsdeild í maímánuði árið 1968 fyrir hvatningu Alþjóðasamtaka kvenréttindafélaga. Samband félagsins við norrænu kvenréttindasamtökum var einnig mikilvægt. Þau héldu þing



Rauðsokkur 1. maí 1970. Ganga niður Laugaveg. Ljósmyndari ©Gunnar V. Andrésson

sitt á Íslandi í byrjun sumars 1968 og þar áttu unglíðar KRFl þess kost að hitta ungar konur í systursamtökunum sem höfðu frá því í byrjun 7. áratugarins fylgst með sívaxandi umræðu um stöðu kvenna og áhrifamátt uppeldis og kynhlutverka. Umræðu um kynhlutverk var hrundið af stað með miklum þunga á Norðurlöndunum er ritíð Kvinnors liv och arbete kom út árið 1962, en það hafði að geyma nokkrar ritgerðir norskra og sáenskra þjóðfélagsfræðinga og vakti mikla athygli. Undir lok 7. áratugarins eignuðust Íslendingar tungutak til þess að lýsa þeim veruleika sem mörgum konum fannst þær búa við. Loftur Guttormsson kynnti félagsfræði sem vísindagrein í kennslu sinni við Kennaraskóla Íslands og þá um leið hugtök eins og „félagsmótun“ og „félagslegt taumhald“.⁷ Þau reyndust mjög notadrjúg til þess að útskýra muninn á konum og körlum – og það sem mest var um vert á þessum tíma:

⁵ Auður Auðuns varð dóms- og kirkjumálaráðherra í október 1970, fyrst kvenna ráðherra á Íslandi.

⁶ Samvinnan, 5. tbl. 1971, s. 14.

⁷ Sjá Loftur Guttormsson, Félagsfræði. Kynning á nokkrum hugtökum. Reykjavík, 1969. (Fjölrit.)

⁸ Sjá tímartíði Vera, 2. tbl. 1999, s. 22-27.

þau þóttu útskýra hvers vegna konur risu ekki upp gegn kúgun og ranglæti í sinn gard heldur virtust sætta sig bærilega við ástandið og jafnvel réttlæta það. Soffía Guðmundsdóttir þyddi stóran hluta bókarinnar *The Feminine Mystique* eftir Betty Friedan og flutti í útvarpíð á árinu 1969 og þar var hnykt mjög á þessum hugmyndum og hugtökum.⁸ Sömu hugmyndir kynnti Svava Jakobsdóttir rithöfundur í bókum sínum Tólf konur, sem kom út árið 1965, og Veisla undir grjótvegg, sem kom út árið 1967. Þetta voru smásagnasöfn þar sem oft var vakin athygli á innantómu lífi kvenna sem reyndu að gefa lífi sínu gildi með því að búa sér til einhverjar gerviþarfir.

Fyrnefndur ungliðahópur Kvenréttindafélagsins hóf að kalla sig Úur undir lok árs 1969. Nafnið vísaði til höfuðpersónunnar í skáldsögu Halldórs Laxness, Atómstöðinni, stulkunnar Úu, sem gerir uppreisn með sínum hætti gegn ríkjandi viðhorfum. Hópurinn létt mjög til sín taka á þessum árum. Flestar aðgerðir hans beindu sjónum að mismunandi uppeldi kynjanna, enda voru margar í hópnum barnakennarar. Ásdís Skúladóttir, sem starfaði með Úunum, segir frá því að á þessum árum hafi verið starfandi útvarsnefnd hjá Kvenréttindafélaginum, sem fékk að láta í sér heyra í útvarpinu tvisvar á ári.⁹ Haustið 1968 voru kynhlutverk tekin til umræðu. Sá útvarsþáttur spratt upp úr umræðu og starfi ungliðahópsins og var fyrsta opinbera umræðan á Íslandi um þetta málefni eingöngu. Hinn 19. júní 1969 stýrði Ásdís Skúladóttir

útvarsþætti ásamt Guðfinnu Ragnarsdóttur sem fjallaði einnig um kynhlutverk, gildismat og viðhorf – ekki síst viðhorf og ómeðvitaða innrætingu. Síðar könnuðu Úurnar barnabækur og lestrar- og reikningsbækur sem notaðar voru í skólum landsins og veltu upp myndinni sem þar var dregin upp af kynjunum.

Stundum er rætt um gömlu kvenréttindahreyfinguna og er þá átt við tímabil Í kringum baráttuna fyrir kosningarétti kvenna. Nýja kvennahreyfingin er svo talin hafa hafist kringum 1970 og hleypt nýjum krafti í baráttuna og jafnvel gjörbylt henni. Í reynd var kvennabaráttan samfelldari og öflugri en gefið er til kynna með þessari skiptingu. Jarðvegurinn hafði verið vel plægður þegar konurnar á rauðu sokkunum hófu Afróditu á loft í 1. maí-göngunni árið 1970 og kölluðu til kvenna að vakna. Þó má segja að nýir krafter hafi komið til sögunnar kringum 1970 með því að ungar konur gengu til liðs við baráttuna, og þá oftar en ekki á eigin forsendum og mynduðu eigin samtök. Það gerðist á Íslandi með myndun rauðsokkahreyfingarinnar. Hún átti fyrirmynnd í hinni dönsku hreyfingu Rødstrømperne sem hafði látið nokkuð að sér kveða veturinn á undan í Kaupmannahöfn og nágrenni, m.a. með því að meðlimir neituðu að greiða fullt strætisvagnafargjald vegna þess að konur hefðu ekki full laun.¹⁰ Hópurinn hóf að kalla sig rauðsokka

⁸ Ásdís Skúladóttir, „Eitt sinn Úa, ávallt Úa,” i Vera, 7. tbl. 1985, s. 18-20. Sjá einnig

Sigríður Th. Erlendsdóttir, Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992. Kvenréttindafélag Íslands, 1992, s. 347-352.

⁹ Sjá Þjóðviljann, 4. júlí 1970, s. 7.

¹⁰ Vilborg Dagbjartsdóttir, „Hvað eru Rauðsokkur?”, Konan og heimilið, júlí 1970, s. 26-27.

og hópinn sinn Rauðsokkahreyfinguna eftir fund sem þær héldu 14. júní 1970 þar sem listakonan Messiana Tómasdóttir skilgreindi hópinn svo: „Rauðsokkahreyfingin er sjálfvakin hreyfing ungra kvenna.“¹¹ Ónnur listakona, Hildur Hákonardóttir, teiknaði upp skipulag hreyfingarinnar á myndrænan hátt á þessum sama fundi.

Konurnar í rauðsokkahreyfingunni kynntu nýjar baráttuaðferðir sem voru til þess fallnar að vekja áhuga fjölmíðla og ná þannig til almennings. Afróditustytta stal senunni 1. maí og myndir af henni prýddu síður allra dagblaðanna. Rauðsokkar höfðuðu óspart til hins sjónræna í málflutningi sínum með spjöldum, borðum og táknrænum aðgerðum. Listakonur í röðum samtakanna lögðu þar fram ómældan skerf. Blað rauðsokka, Forvitn rauð, sem kom út á árunum 1972-1982, var einnig prýtt myndum eftir listakonur, bæði innlendar og erlendar. Við eignum fjölmargar ljósmyndir af aðgerðum kvenna eftir 1970 og það hafa jafnvel varðveisist einstaka plaköt, kort og munir – ólikt því sem er með kvennabaráttuna fyrir 1970 þar sem aðeins eru til nokkrar hópljósmyndir og barmmerki.

Áratugurinn 1970-1980 var áratugur mikilla hræringa í kvennabaráttunni. Kvennaár Sameinuðu þjóðanna 1975 með kvennaverkfallinu hinn 24. október er sögufrægt.¹² Konur lögðu þá niður vinnu um allt land og komu saman til baráttufunda. Einn slíkur var haldinn á Lækjartorgi í Reykjavík og talið er að um 20.000 konur hafi hlýtt kalli

Guðrúnar Á. Símonar söngkonu um að taka vel undir þegar lagði „Ó, ó, ó, stelpur ...“ hljómaði af vörum kvennakórsins sem stóð á svíðinu undir framhlíð Útvegsbankans (núverandi Dómhús Reykjavíkur). Á milli söngva voru fluttar hvatningarræður, sýndir leikþættir sem voru samdir í tilefni dagsins og lesin upp baráttuskeyti og stuðningsbréf.¹³ Eftir fundinn, sem stóð í tvær klukkustundir, flykkust konur á kaffihús og félagsheimili verkalýðsfélaga og önnur opin hús og ræddu málin. Listakonur gengu á milli staða og skemmtu í sjálfbóðavinnu. „Lýsiströtuverkfallið“, sem Vilborg Harðardóttir, ein skeleggasta baráttukona rauðsokka, boðaði í viðtali við eitt dagblaðanna í júní 1974,¹⁴ heppnaðist betur en nokkur þorði að vona og hleypti keppnishug í konur.

Rauðsokkahreyfingin var breið hreyfing jafnréttissinna fram til ársins 1974 er þing hennar samþykkti að hér eftir skyldi barist fyrir jafnrétti karla og kvenna með vopnum stéttabaráttu. Hópur kvenna hætti að starfa með hreyfingunni. Í staðinn komu konur sem margar hverjar voru virkir félagar í litlum samtökum kommunista, sem vildu virkja Rauðsokkahreyfinguna í nafni öreigabytingar. Brátt sló í brýnu milli hinna nýju afla og þeirra sem fyrir voru. Upp úr sauð vegna blaðs samtakanna Forvitn rauð 1976, en eldri rauðsokkum þótti þá nóg um hinn kommuníkska bytingartón.¹⁵ Deilurnar höfðu lamandi áhrif auk þess sem nýjabrumið var farið af hreyfingunni. Næstu

¹¹ Sjá t.d. Hildur Hákonardóttir, Já, ég þori, get og vil. Kvennafrídagurinn 1975, Vilborg Harðardóttir og allar konurnar sem bjuggu hann til. Salka, Reykjavík, 2005.



Vigdís Finnbogadóttir hylld á svöllum heimilis síns
eftir að hafa verið kjörin Forseti Íslands, 29. júní
1980

Ljósmyndari Ólafur K. Magnússon
©Morgunblaðið

árin einkenndist kennabaráttan
af því að ungum félögum fjölgæði í
Kvenréttindafélaginu, sem einbeitti
sér sem fyrr að breytingum á lögum í
jafnréttisátt.

Stakkaskipti urðu á stöðu kennara á
árnum 1970-1980, einkum í því að
atvinnubáttaka þeirra margfaldaðist
og skólaganga óx til muna. Við
lok áratugarins var svo komið að
stúlkur urðu fleiri en piltar í hópi
menntaskólanema og hefur svo

¹³ Á heimasiðu Kvennasögusafns Íslands má
lesa ýmislegt sem tengist kennnafrideginum, m.
a. dagskrána á Lækjartorgi og ræðurnar sem
fluttar voru. Sjá www.kvennasogusafn.is. Óllum
gögnum sem tengjast kennnafrideginum var
komið til Kvennasögusafns.

verið síðan. Jafnréttislög voru sett
árið 1976 og stofnað jafnréttisráð
árið 1977. Ýmsum lögum var breytt
í jafnréttisátt, m.a. skattalögum,
þannig að gjíta konur töldust ekki
lengur viðhengi við eiginmenn sína
heldur fengu sérframtalsblað frá
skattayfirvöldum. Miklu hægar
gekk á sviði stjórnálanna. Kona
varð ráðherra en konum fjölgæði
hins vegar aðeins úr einni í þrjár
á þingi. Konum fjölgæði einnig
hægt í bæjar- og sveitarstjórnunum. Í
kosningunum 1970 urðu konur 2,4%
sveitarstjórnarmanna, en 6,6% í
kosningunum 1978.

Kjör Vigdísar Finnbogadóttur sem
forseta hinn 29. júní 1980 markaði þó
með afgerandi hætti að þáttskil höfðu
orðið í viðhorfum til stöðu kennara
í þjóðfélaginu. Hún hlaut 33,8%
atkvæða og varð fyrsti þjóðkjörni
forseti heimsins.¹⁴ Kjör hennar vakti
að vonum athygli og um það var fjallað
í heimspressunni. Hér hafði orðið
bylting, hvorki meira né minna. Konur
höfðu vaknað og aðgerðir þeirra hlutu
að snerta hvert einasta mannsbarn
í landinu. Herdís Helgadóttir orðar
þetta svo: „Þær höfðu svo hátt að
leysing varð í þjóðfélagsumræðunni.
Þær vöktu konur af Þyrnirósarsvefni,
ýttu hressilega við hugsandi körlum og
enginn komst hjá því að sjá og heyra“.¹⁵

¹⁴ Visir, 27. júní 1974, s. 20.

¹⁵ Sjá t.d. Hlin Agnarsdóttir og Þórdís
Richardsdóttir, „Við viljum nýja kennnahreyfingu
og það strax“, Þjóðviljan, 10. nóv. 1978, s. 7.

¹⁶ Frambjóðendur voru fjórir í forseta-
kosningunum og atkvæðin dreifðust því
nokkuð. Aðrir Frambjóðendur voru Guðlaugur
Porvaldsson, er hlaut 32,3% atkvæða, Albert
Guðmundsson, er hlaut 19,8% atkvæða, og Pétur
J. Thorsteinsson, er hlaut 14,1% atkvæða. Sjá veð
Hagstofu Íslands.

¹⁷ Herdís Helgadóttir, Vaknaðu konan Baráttá
rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli.
Bókaútgáfan Skjaldborg, 1996, s. 75-76.

Innbyggð fjarvera: ásetningur og aðgerðir

í feminískri list á áttunda áratugnum

Jennifer Riddell

ritstjóri og rithöfundur fyrir fræðsluritverk, National Gallery of Art, Washington, DC

76

Það er alvanalegt á okkar póst-módernísku tímum að tala um fjölyggju og margbreytileika, og sé það svo að í ritum sem fjalla um listir nú á tímum sé meiri athygli beint að list sem er sprottin upp úr marglitum fjölda kynþáttu og þjóðarbrota og snýst um félagsleg málefni fremur en hefðbundna framþróun, þá er það að nokkru leyti femínismanum að þakka.

– Norma Broude og Mary Garrard: „The Power of Feminist Art“ bls. 12, 1994

Á áttunda áratugnum gjörbreyttu stjórnmál listheiminum. Staða kvenna, borgaraleg réttindi, réttur kvenna til sjálfraðis, og mismunun með velþóknun ríkisvaldsins var til ítarlegrar og opinskárrar umræðu, og listamenn reyndu sömuleiðis í verkum sínum að taka mið af anda jafnréttis og framsækni í stjórnmálum. Þau hefðbundnu málefni sem höfðu tröllið listinni og umfjöllun um hana í Bandaríkjum allar götur frá seinni heimsstyrjöldinni og æ sterkari tilhneigingar til að markaðsvæða

samtímalistina voru ekki lengur í takt við tímann. Það sem lá jafnframt undir var sú forréttindastaða sem hafði verið veitt fáeinum karlkyns listmálurum og myndhöggvurum sem einnig réðu miklu um stefnumörkun listastofnana, svo sem listasafna og listgreinadeilda í háskólum, sem og um stefnuna á listaverkamarkaðnum, og í fjölmíðlum.

Listsagnfræðingurinn Linda Nochlin geystist fram á svíðið svo eftir var tekið árið 1971 þegar ritgerð hennar „Hvers vegna hafa ekki verið til neinir mikilfenglegir kvenkyns listamenn?“ birtist í Art News, en þar deildi hún á þá menningarbundnu hugmynd að listræn snilld væri dularfullur kraftur sem væri veittur útvöldum karlmönnum og aðeins þyrfти að leysa úr læðingu. Með sinni beittu athugasemd um að „listin er ekki frijals, óháð iðja einstaklinga sem gæddir eru yfirburðahæfileikum“, greindi Nochlin þær sögulegu aðstæður – þar sem listiðkun gekk að erfðum, og félagsleg útskúfun var hlutskipti kvenna sem lögðu stund á listir (nema þá í tómstundum til að prýða umhverfi sitt) – sem héldu

á lofti þeim hindrunum sem ýmist öftruðu konum frá því að blómstra sem listamenn eða vanmátu þau verk sem þær léту frá sér fara.

Femínistar tóku listiðkunina út úr afmörkuðu umhverfi hins einraeña snillings sem hafðist við í vinnustofunni sinni og færðu hana inn í opinbert, gagnvirkt, og félagslegt rými. Tilraunir með form brutu upp ramma hefðarinnar, losuðu um rótgrónar hugmyndir um tjáningarmiðla og varanleika, og steyptu fagurfræðilega og hugmyndafræðilega útsjónarsemi í nýtt form. Sjálfsprottin stundarsköpun, skammlifir tjáningarmiðlar sem stundum eru kenndir við „léttvægari“ listir, persónuleg skírkotun, og samvinnulista verk hófu að renna saman við hefðbundin gildi listarinnar – hið fullkomna, hið hlutlæga, hið algilda, og sjálft höfundarverkið.

Listamenn fóru einnig að fást við að skrifा, gera kvíkmyndir, og settu á stofn ný sýningarrými, gáfu út tímarit, stofnuðu fagfélög, og leituðust við að fræða fólk sem ekki fann neitt við sitt hæfi á þeim listnámskeiðum sem voru fyrir hendi. Uppfinningasemi er kjarninn í femínískri list: gagnrýnandinn Lucy Lippard vekur athygli á því að femínísk list sé „hvorki tiska né hreyfing“, heldur „kerfi gilda, byltingarkennd útsjónarsemi, lífsstill“.

Frá einkarýminu til almenningsins
Er hið persónulega pólitiskt?

– Já ... ef maður tekur með stærri, sameiginlegri baráttuvitund á spurningum um hið persónulega líf, í þeim skilningi að maður líti svo á að þessi svíð séu bæði í dialektískri andstöðu við hvort annað og eitt og hið sama.


– Martha Rosler, úr yfirlýsingu fyrir ráðstefnuna „Um listsköpun kvenna“, sem haldin var í Samtímalista-miðstöðinni í London í nóvember 1980.

Heiti þessarar ritgerðar er fengið frá breska ljósmyndaranum Jo Spence (f. 1934 í Suður-Wodeford, Essex, d. 1992 í Hampstead), sem fékkst við að kanna það sem hún kallaði „innbyggða fjarveru“. Þetta voru viðfangsefni sem jafnan voru undanskilin í hefðbundinni ljósmyndun og sýndu raunverulegt líf kvenna án nokkurrar upphafningar, á heiðarlegan og persónulegan hátt.

Vinna Spence framan af ferlinum við að taka myndir af brúðhjónum og portrettmyndir kann að hafa gefið henni tilefni til þessara vangaveltna. Í skrifum sínum síðar vakti hún athygli á því að „þegar við horfum á myndir erum við hindruð í því að átta okkur nokkurn tíma á því hvernig hefðir innan ljósmyndunar þjappa öllu saman og breyta í algilda dulmálslykla sem okkur er kennt að kalla „skyndimyndir“ ... og koma í staðinn fyrir þau margbrotnu pólitisku, hugmyndafræðilegu og efnahagslegu atriði sem hafa úrslitaþýðingu og eru hvarvetna þunga-miðjan.“ Til að átta sig betur á þessu

lagðist Spence í kerfisbundna skoðun á myndefni í vinsælum kvennatímaritum á árunum 1972-1978 til að rannsaka þær frásagnir sem lágu til grundvallar skilningi á kvenleika og lífi kvenna og „ímyndarskópun“. Með því að beina myndavélinni að lífi sjálfar sín, og síðar í samvinnu við aðrar konur í meðferðarstarfi sem tók mið af ljósmyndum, gerði Spence ljósmyndun að aðferð til sjálfskoðunar sem svipti burt hulunni af kyn- og stéttbundinni undirgefni.

Listræn stefnuyfirlýsing Mierle Laderman Ukele (f. 1939 í Denver) um ræstingastörf sem list, Manifesto for Maintenance Art 1969!, spratt af árekstrum sem urðu milli annars vegar krafnanna sem heimilis- og fjölskyldulíf hennar gerði til hennar og hins vegar starfs hennar sem listamanns og í yfirlýsingunni kristallaðist tiltekinn þáttur menningarlegs geðklofa. Með því að beina sjónum sínum að (ásetnings)hversdagsleika hugmyndalistar sem snerist um endurtekin verkefni, líkti hún listforminu við eðli hinna ámóta óspennandi „ræstingastarfa“ – þeirra sem konur sinna heima hjá sér eða úti í samfélaginu þar sem þær sjá um hvers kyns þrif. Í stefnuyfirlýsingunni var gerð tillaga um að litið yrði á þessi störf sem hugmyndalist – að verk á borð við að þvo, skrúbba og þurrka af ryk yrðu framkvæmd sem gjörningur í listasafni (sem var svo gert árið 1973). Vinna Laderman við að rannsaka ræstinga-/ruslhagkerfið leiddi til þess að hún varð frumkvöðull í almennum listgjörningum sem fólu í sér endurnýtingu og uppgræðslu aflagðra eða eitraðra svæða, á borð við landfyllingar, og skapaði fyrir-mynd fyrir endurreisnarverkefni í borgum og gerði almenning árvökulli gagnvart þeim úrgangsmulningi sem neyslusamfélagið skilur eftir sig.



Jo Spence. Á bak við fylkskyldualbúmið 1939-1979. Spence bjó sinni eigin fylkskyldsögu bókarform og skráði hana þar með ljósmyndum og meðfylgjandi skýringartext-um sem hún skrifði sjálf.



Mierle Laderman Ukeles. Hreinsunarsnerting, 1977-1980.

Í þessum gjörningi lagði Ukeles það á sig að hitta og taka í höndina á öllum 8.000 starfsmönnum hreinsunardeilda New York-borgar til að þakka þeim fyrir vel unnin störf. Síðar varð hún „gestalistamaður“ deildarinnar.

að hálfgerðu iðnfyrirtæki sem skilaði af sér 250 veggmyndum á rúmlega tíu ára tímabili, og var á hverri myndanna fjallað um sögu einhvers hinna mörgu kynþátta og þjóðarbrota í hverfum borgarinnar. Þetta verkefni leiddi af sér annað hálfu stórbrottnara, sem er Stóri veggurinn í Los Angeles (1976-1983), ótrúleg veggmynd sem slagar hátt í kilómetra að lengd og var málud af 80 ungum listamönnum.

Aukinn máttur og megin

Konur sem voru einangraðar í listrænu starfi sínu svipuðust um eftir möguleikum á vinnu og samvinnu utan hinnar hefðbundnu vinnustofu.

Judy Baca (f. 1946 í Los Angeles) kom á fót hreyfingu meðal mexíkanskra listamanna um gerð veggmálverka á opinberum vettvangi. Baca minnist þess að hafa sótt námskeið í listasögu í háskólanum þar sem ekki var minnst á mexíkanska veggmyndamálara á borð við David Siqueiros og Diego Rivera (hvað þá Fridu Kahlo). Á yngri árum sínum sem listamaður einsetti hún sér að tengja kynslóð samtímans við endurvakta veggmyndahefð. Full af framtaki og kappi tók Baca höndum saman við borgarstjórn Los Angeles um veggmyndaverkefni sem varð svo



79



Judith Baca ásamt ungum listamönnum. Stóri veggurinn í Los Angeles (1976-1983). Veggmálverkið er nú varðveitt svo komandi kynslóðir geti notið þess. Styrktarmiðstöðin fyrir list á almannavettvangi (The Social and Public Art Resource Center (SPARC)), sem var upphaflega sett á stofn til að hafa umsjón með þessu stóra verkefni, veitir enn sem fyrr styrki til að gera megi veggmálverk hvarvetna í Bandaríkjunum.

Miriam Schapiro (f. 1923 í Toronto) og Judy Chicago (f. 1939 í Chicago) höfðu mikla löngun til að gera róttækar breytingar á listastofnunum og auka mátt og megin kvenna meðal listamanna. Saman settu þær á fót feminískt listnámskeiðið við Listastofnun Kaliforniu í Valencia og stóð sú tilraun yfir frá 1971 til 1975. Enda þótt hlutur kvenna væri fjarri því að vera rýr hvað viðvék inntöku í listaskóla, voru þær fáar sem gerðust listamenn að atvinnu eða sinntu störfum við listaskóla. Feminísk listnámskeiðið, sem aðeins var ætlað konum, samanstóð að hluta af samtalsmeðferð, sjálfsstyrkingu og þjálfun í að bekkja líkama sinn, og þjálfun í lífsleikni og listrænum vinnubrögðum. Í tímamótaverkinu Konuhús sem nemendurnir gerðu árið 1972 var yfirgefnu höfðingjasetri í Hollywood breytt í rými fyrir innsetningar og gjörninga sem hæfðu staðnum. Verkið gróf undan og kollvarpaði hugmyndum um konur og heimilislíf, og tók ýmsar kynferðislegar og líffræðilegar bannhelgar til gaumgæfilegrar athugunar, sem og félagsleg málefni á borð við heimilisofbeldi og nauðganir.




Judy Chicago, Miriam Schapiro og nemendur á feminísku listnámskeiðinu. Konuhús (1972). Eftir að tímarið Time hafði fjallað ítarlega um verkið dró Konuhús að sér 4.000 gesti þann mánuð sem það var opin.

Að virkja ný (og gömul) form og öfl

Nei, málverk er ekki til þess gert að prýða íbúðir. Það er striðstól til að ráðast á óvininn og verjast honum.

– Pablo Picasso (1945), tilvitnun í grein Joyce Kozloff og Valerie Jaudon, „Art Hysterical Notions of Progress and Culture“ í 4. hefti Heresies, 1978.

Joyce Kozloff (f. 1942 í Somerville í New Jersey) var stofnandi Mynstur- og skreytihreyfingarinnar, en meðlimir hennar einbeittu sér aðallega að listformum sem höfðu verið sett í annan flokk sem þjóðleg list, handiðn, eða nytjalist. Kozloff málaði taktbundin og optisk (sjónvillandi) málverwk með því að vinna úr móttínum sem hún sótti til menningarbundinna fyrirbæra á borð við íslömsk veggflísaverk, vefnað frá Mið-Ameríku til forna, og gotneska skreytilist.



Hún var heilluð af fugurð formanna og lýðræðislegu eðli þeirra – hvernig voru óháð öllum menningarmærum, og birtust í samhengi við daglegt líf, fremur en inni í sýningarsal. Brátt áttaði Kozloff sig þó á því að það voru ákvæðin síðferðileg vandkvæði sem fylgdu því að eigna sér höfundarrétt á málverkum sem voru unnin beint og óbeint upp úr frummyndum. Hún sneri baki við málverkinu og hóf að skapa umhverfisverk sem vöktu ýmsar kenndir og hugrenningatengsl, og notaði við það aðferðir nytjalistarinnar, svo sem silkiprentun og mósaik. Kozloff sneri sér síðar alfaríð að því að skapa skreytiverk í umhverfi almennings, gerði veggflísaverk fyrir umferðarmiðstöðvar og viðlika staði, og nýtti til þess mynstur og figúratívt myndefni sem var sprottið úr samfélaginu á hverjum stað.

Joyce Kozloff.
Innanstokks,
skreytt (1979-
1981). Kozloff
sagði að verkið
væri „persónulegt
úrval skreytlistar“
og notaði í það
myndstefættuð
úr leirmunum
indiána,
rómönskum
útskurði,
kinversku
postulíni og Art
Nouveau-
bókarskreyti frá
Vinarborg, svo
fátt eitt sér nefnt
úr upptalningu
hennar.

Hver sagði að list væri að mála með olíu á strekktan striga í ramma? ... Enginn sem líktist mér hið minnsta sagði það, og því í fjandanum er ég þá að gera það? Ég hætti því þess vegna bara; og nú sauma ég og geri allt mögulegt.

— Faith Ringgold, tilvitnun í Farrington, Lisa E.: *Faith Ringgold, The David C. Driskell Series of African American Art*, 3. bindi, San Francisco: Pomegranate, 2004.

Faith Ringgold (f. í 1930 New York) lærði til málara, áttaði sig á því að tjáningarmiðlinn var æ minna í tengslum við málefni sem vörðuðu tengsl innan blökkufjölskyldna og reynslu svartra kvenna, sögulega jafnt sem nútímalega, sem hún heillaðist æ meir af. Árið 1973 byrjaði Ringgold að gera röð verka sem hétu Fjölskylda konunnar (Family of Woman er útúrsnúningur á heiti frægrar ljósmyndasýningar Edwards Steichen, The Family of Man, sem haldin var í Nútímalistasafninu (MoMA) í New York árið 1955) — þar sem var stillt upp hópum mjúkra figúra, sem Ringgold kallaði dúkkur og gerði í samvinnu við móður sína, sem var saumakona og fatahönnuður. Stillærð og skreytt leðurgrímuandlitin á figúrunum, perluskreytingarnar og áberandi mynstruð fötin voru sótt til listaverka frá Afriku, en þær voru jafnframt menningarlega aðlagaðar, amerískar figúrur sem stóðu fyrir kjarnaþjölskylduna og báru áberandi litið framandi nöfn á borð við Frú Vi, Gloria og bróðir. Ópin augun og opnir

munnarnir á dúkkunum gáfu til kynna að þær væru að tala, lifandi verur og það hvernig þeim var stillt upp með konu sem höfuð fjölskyldunnar í miðjunni gerði þær persónulegar og kunnuglegar.



Faith Ringgold. Frú Vi, Gloria og bróðir (1973). Í Fjölskylda konunnar eru 32 figúrur, konur og börn, til minningar um ljölskyldulíf Ringgold á æskuárum hennar í kreppunni í hverfinu Harlem í New York. Fjölskylda hennar bjó við efnalegt öryggi þar eð fáðir hennar hafði vinnu hjá hreinsunardeild borgarinnar og heimili þeirra varð gríðastaður fólks sem hvorki átti peninga né hafði vinnu og er þetta fólk nefnt í verkum Ringgold.

Vatnaskilin í listinni voru árið 1972 ...
Mig langaði til að myndirnar mínar
byggju yfir krafti, byggju yfir galdrí.
Ég komst að þeirri niðurstöðu að til að
myndirnar öðluðust eigin dir töfra yrði
ég að vinna beint með náttúruna. Ég
yrði að leita til uppruna lífsins, til móður
jarðar.

- Ana Mendieta

Frásagnir sem staðfestu áhrif og
völd kvenna í heiminum buðu einnig
upp á ný viðmið. Fornar sagnir, sem
tengdust kvenskaparanum/verndara
jarðarinnar eða gyðju, vefengdu
hugmyndina um karlmanniinn sem
skaparann og færði endurnýjaðan
and-efnishyggukenndan, yfirnáttúru-
legan karakter inn í listina. Ana
Mendieta (f. 1948 á Kúbu, d. 1985 í
New York), sem var flutt fyrirvaralítið
til Iowa á barnsaldri fyrir tilverknað
aðgerða yfirvalda í Bandaríkjunum
sem miðuðu að því að forða börnum
frá áhrifum kommunismans, skriflaði
um þrá sína eftir því að tengjast stað
og sögu á ný. Þegar hún fór til Mexíkó
árið 1973, þar sem hún skoðaði fornar
rústir bygginga Maya-indíána, gerði
hún sitt fyrsta útlínuverk með því að
leggjast nakin efst á fornru grafhýsi og
láta félaga sinn þekja sig með blómum.
Þetta var nokkurs konar helgiathöfn
fyrir listamanninn, sem miðaði að
endurfæðingu og andlegu sambandi.
Útlínuverk sín vann hún allt til ársins
1980. Í stað líkama listamannsins
komu smáar saman líkamslaga dældir
og holur sem voru höggnar út og
brenndar, auk þess sem litir og plöntur
mörkuðu jarðveginn.



83



Ana Mendieta. Alma Silueta en Fuego (Logandi útlínur sálar) (1975). Það voru lá vitni að
gjörningunum sem Mendieta framkvæmdi;
ljósmyndirnar sem eru til marks um þá benda til
„fundinna“ ummerkjá í landslaginu.

Jafnvel í fyrstu gjörningaverkum Abramovich, þegar hún bjó enn þar sem var hin kommúniska Júgóslavía, hóf hún með persónulegri nekt sinni beina samræðu við hina listheims-sögulegu nektarhefð sem var innoblásin af goðsögnum, trú og hugmyndafræði.

– Klaus Biesenback, tilvitnun í sýningarskrá fyrir sýninguna Marina Abramovich: Listamaðurinn er viðstaddir (Marina Abramovich: The Artist is Present) sem Biesenback hafði umsjón með í Nútímalistasafninu (MoMA) í New York árið 2010.

Í verkum Marinu Abramovich (f. 1946 í Belgrad) sem byggja á gjörningalist notar hún líkama sinn sem dulmálslykil til að kanna líkamleg mörk sín, og reiðir sig á skapandi nærveru og viðbrögð áhorfendanna. Í verkinu Rytmi 0 (1974) birtist listamaðurinn í sýningarsal þar sem 72 hlutum sem tengdust „unaði eða kvöl“ – það voru venjuleg heimilisáhöld, matvæli, fatnaður, og vopn – hafði verið raðað á borð og gátu gestirnir „notað“ þá á listamanninn í sex klukkustundir. Gestirnir voru í fyrstu spaugsamir, en urðu æ árásargjarnar og skáru utan af henni fötin, rispuðu hana til blóðs með hnífum og rósþyrnum, beindu byssunni að höfði hennar, og lögðu líkama hennar á borð/líkbörur. Þetta athæfi minnti á raunsæ helgiverk barokktímans þar sem þjániningin var gerð sem greinilegust til að vekja tilfinningar hinna trúuðu og sömuleiðis myndir af píslarvottum kristindómsins með tákni píslarvættis síns. Enda þótt Abramovich afneiti feminismanum sem hugmyndafræði



Marina Abramovich, Rytmi 0 (1974), Napóli, Ítaliu. Gjörningurinn var sýndur einu sinni og er hluti af röð Rytma-verka sem snúast um úthald og áhettu.

sem hafi verið viðs fjarri þegar hún ólst upp undir stjórn kommúnista, komast áhorfendur hennar (sem eru stundum einnig samverkamenn hennar) ekki hjá því að skoða upplifun sína af gjörningum hennar með hliðsjón af félagslegrar afstöðusinni til kynjanna.




fellur að milli póla hugsjóna/pólítiskra aðgerða og kaupsýslu, en fáir þeirra listamanna sem koma fram nú um stundir þurfa að hafa áhyggjur af því hvort uppruni þeirra, hver sem hann er og hvernig sem þeir skilgreina hann, hafi neikvæð áhrif á aðgengi þeirra að listheiminum og stofnunum hans, eða á viðtökur verka þeirra. Það má að verulegu leyti þakka femínískri list og forkólfum hennar.

Kannanir sýna að einungis fáir meðal Vesturlandabúa undir fertugu nú á tímum, hvort heldur konur eða karlar, skilgreina sig sem „femínista“, og líta ef til vill svo að femínisminn sé pólítisk afstaða sem heyri sögunni til, rétt einsog stjórnarskrárbreytingin um jafnrétti í Bandaríkjunum sem lánaðist ekki að staðfesta innan tilskilins frests árið 1983. Stjórnmálamenn (nánast eingöngu konur), sem eru spurðir að því hvort þeir líti á sig sem femínista, verða iðulega órólegir og eru líklega að velta því fyrir sér hvaða afleiðingar það hafi fyrir þá ef þeir játa. Enn virðist eitthvað óviðráðanlegt við femínisma, sem bendir til þess að byltingarmáttur hans sé ekki með öllu þorrinn. Á heimsvísu er kynbundin mismunun slík – á vinnustöðum, hvað varðar menntun, lagalega stöðu, barneignir, og menningarbundnar trúarhefðir og samfélagshætti sem hindra konur í eðlilegri þátttöku í þjóðfélaginu – að ætla má að femínisminn eigi enn sem fyrr erindi svo um munar. Í listinni, einsog bent er á í tilvitnuninni í upphafi þessarar ritgerðar, hefur arleifðin teygð anga sína víða. Listin fjarar út og

Anna Þóra Karlsdóttir
Ármanн Orn Ármanнsson
Ása Ólafsdóttir
Ásgerður Búadóttir
Ásta Ólafsdóttir
Auður Hafsteinsdóttir
Auður Jónsdóttir
Björg Helga Atladóttir
Björg Þorsteinsdóttir
Björn Þrándur Björnsson
Borghildur Óskarsdóttir
Edda Jónsdóttir
Edda Óskarsdóttir
Elísabet Haraldsdóttir
G.Erla (Guðrún Erla Geirsdóttir)
Guðmundur Ingólfsson
Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Lex Lögmannsstofa
Guðrún Nordal og Ógmundur Skarphéðinsson
Halla Kristín Einarsdóttir
Helga Ólafsdóttir
Hildur Hákonardóttir
Höskuldur Harri Gylfason
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingibjörg Gísladóttir
Jóhann Páll Valdimarsson og Guðrún Sigfúsdóttir

Jóhanna Bogadóttir
Jóhanna Ólafsdóttir
Kristján Frímann Kristjánsson
Kvennasögusafn Íslands
Lísa Bang og Pétur H. Ólafsson
Listsafn Háskóla Íslands
Listsafn Íslands
Margrét Jónsdóttir
Margrét Zophoniasdóttir
Messiana Tómasdóttir
Minjasafn Reykjavíkur
Nýlistasafnið
Orkuveita Reykjavíkur
Ragnheiður Jónsdóttir
Rúna (Guðrún Porkelsdóttir)
Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir)
Rúri (Þuriður Fannberg)
RÚV
Sigurður Már Helgason
Sigriður Bragadóttir
Sigrún Eldjárn
Sigrún Sverrisdóttir
Steinunn Bergsteinsdóttir
Steinunn Marteinsdóttir
Svala Sigurleifsdóttir
Valgerður Bergsdóttir
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorbjörg Þórðardóttir





ISBN 9979-769-42-4



9 979769 424000



Listasafn Reykjavíkur